

Áfangalýsing - Enska



Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2011

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

ENS192 – Orðaforði, málnotkun og ritun

Fjöldi eininga

2

Undanfari

Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á vandlegan lestur texta, ritun og undirstöðuatriði enskrar málfræði með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesnir verða valdir rauntextar af kennara, auk þess sem nemendur eiga að lesa 2 skáldverk og skriflegi þátturinn verður þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í kennslustundum og á Netinu.

Nemendur eiga að tileinka sér að tjá sig munnelega á ensku og verður þeim leiðbeint í kennslustundum svo og með hjáp margmiðlunartækni.

Kennslugögn:

- Efni frá kennara, greinar úr enskum tímaritum, kvíkmyndir, ljóð
- Skáldsögur: *Memory Boy; Will Weaver, The Giver; Lois Lowry*
- R. Murphy; Ný ensk málfræði
- Enskur málfræðilykill* frá Máli og menningu
- Kvikmyndir

Námsmat:

Verkefni unnin í tímum og kannanir 40%, málfræði og skrifleg heimaverkefni 20%, kennaraeinkunn 20%, sjálfsmat 10% og munlegt próf í lok annar 10%.

Áfangalýsing - Enska



Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- enskri menningu og enskri tungu
- almennum enskum málfræðireglum og geti beitt þeim í rituðu máli
- grunnhugtökum í bókmenntafræði og innsýn í umfjöllun um bókmenntir
- skilning á upplýsingritum
- sérkennum ritmáls og talmáls

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- kynna sér tiltekið efni og tjá sig um það
- tala ensku við kennara og bekkjarfélaga
- nota ensk- íslenskar og ensk- enskar orðabækur á Netinu
- meta hvað sé góð eða slæm enska
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang verkefna
- afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum
- lesa sér til gangs og gamans efni sem er á Netinu
- tjá kunnáttu sína í ensku á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka gagnrýna afstöðu til mismunandi efnisþátta og færni í að færa rök fyrir máli sínu
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- beita kunnáttu sinni í ensku við kennara og bekkjarfélaga
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á jákvæðan og gagnrýnnin hátt
 - greina enskan bókmenntatexta þótt merkingin sé ekki alltaf augljós
- fái innsýn inní nýjan mennigarheim og verði þar af leiðandi umburðarlyndari